



Árið 2021 voru skráð um það bil 189 þúsund mál sem fela í sér brot og verkefni hjá lögreglunni.

Jafngildir það um

518 mál

á sólarhring

22 mál

á hverri klukkustund

Um 43% mála voru skráð á höfuðborgarsvæðinu, 15% á Vesturlandi, 11% á Suðurlandi og 10% á Suðurnesjum. Mikill fjöldi á Vesturlandi má rekja til hraðakstursbrota á stafrænar hraðamyndavélar sem skrást í umdæminu.

Lögreglu bárust um 82 þúsund tilkynningar um brot árið 2021, þar af rúm 13.000 hegningarlaga brot, rúm 5.000 sérrefsilaga brot og um 64.000 umferðarlaga brot.

Hraðakstursbrot eru yfir 62% af heildarfjölda brota.

Ef hraðakstursbrot eru frátalin bárust að meðaltali 85 tilkynningar um brot á dag á landsvísu árið 2021.

Hegningarlaga brot voru 6% fleiri en síðustu þrjú ár á undan, en sérrefsilaga brot voru um 8% færri og umferðarlaga brot 9% færri.

Lögregluumdæmi landsins eru 9 og langstærstur hluti hegningarlaga brota á sér stað í umdæmi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, eða 80%, en næst mestur fjöldi var á Norðurlandi eystra og Suðurnesjum, með um 5% brota hvort. Ef litið er nánar til brota og verkefna á höfuðborgarsvæðinu má sjá að heilt yfir bárust um 8% færri tilkynningar um brot árið 2021 en að meðaltali síðustu þrjú ár á undan.

Tæplega helmingur hegningarlaga brota flokkast sem auðgunarbrot. Tilkynningum um auðgunarbrot fjölgaði lítillega miðað við meðaltal síðustu þrjú ár á undan. Hlutfallslega fjölgaði tilkynningum um fjárkúgun mest, lögreglu bárust um 59% fleiri tilkynningar árið 2021 en að meðaltali síðustu þrjú ár á undan (alls 37 brot).

Tilkynningum um þjófnað á reiðhjólum fjölgaði einnig hlutfallslega mikið sem og þjófnum sem flokkaðir eru sem annað, en þar eru meðal annars þjófnaðir á yfirhöfnum og þjófnaður úr búningasklefum svo eitthvað sé nefnt. Aðeins færri tilkynningar bárust um innbrot árið 2021 en að meðaltali síðustu þrjú ár á undan. Um níu af hverjum tíu innbrotum árið 2021 áttu sér stað á höfuðborgarsvæðinu. Um 40% tilkynntra innbrota voru innbrot á heimili, slíkum tilkynningum fjölgaði um 25% miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan og 40% milli ára (voru um 450 talsins). Tilkynningum um innbrot í ökutæki fækkaði hins vegar um nærri 40% miðað við síðustu 3 ár.

Tilkynningar um ofbeldisbrot voru um 9% fleiri en síðustu þrjú ár á undan. Um það bil 73% ofbeldisbrota áttu sér stað á höfuðborgarsvæðinu. Ofbeldisbrotum fjölgaði hlutfalslega mest á Suðurlandi, en þar var tilkynnt um 50% fleiri ofbeldisbrot en að meðaltali síðustu þrjú ár á undan. Tæplega 75% ofbeldisbrota eru minniháttar líkamsárásir. Karlar voru um 73% gerenda í ofbeldisbrotum og var meðalaldur um 33 ára.



Ef litið er til allra heimilisofbeldismála má sjá að fjöldinn er svipaður og á síðasta ári, 1.090 tilvik sem jafngildir að meðaltali um 3 tilvikum á dag. Má sjá að aukning varð á ofbeldi af hendi maka/fyrirum maka þessi tvö ár og einnig aukning á tilfellum þar sem um var að ræða ofbeldi af hendi fjölskyldumeðlims. **Fjöldi tilfella ofbeldis af hendi maka/fyrirum maka síðustu tvö árin hafa aldrei verið fleiri** skv. málaskrá lögreglu, voru kringum 750 talsins bæði árin. Ofbeldi af hendi foreldris voru um 100 á árinu og af hendi barns í garð foreldris um 160 talsins.

Tæplega tvö kynferðisbrot voru tilkynnt að meðaltali á dag (662 brot) og voru brotin um 24% fleiri en í fyrra. Um það bil tvö af hverjum þremur kynferðisbrotum áttu sér stað á höfuðborgarsvæðinu á árinu. Árið 2020 voru tilkynntar nauðganir óvenju fáar. Má mögulega rekja það til þess að 2020 var meira um samkomutakmarkanir en í ár, t.d. þar sem afgreiðslutími bara og skemmtistaða voru í skert drjúgan hluta árs og minna um almennt skemmtanahald. Tilkynntar nauðganir voru 161 árið 2020, árið 2021 voru þær 216 sem er svipaður fjöldi og 2019. Karlar voru um 82% gerenda í kynferðisbrotamálum og var meðalaldur geranda lægri en í ofbeldisbrotunum, eða um 28 ára.

Fíkniefnabrot voru færri en síðustu þrjú ár á undan. Varsla og meðferð er stærstur hluti fíkniefnabrota, þeim fækkaði um nærri þriðjung frá síðustu þremur árum á undan. Brot er varða framleiðslu fíkniefna fækkaði einnig. Hins vegar má sjá umtalsverða aukningu á innflutningi en brotin voru um 281 árið 2021 en að meðaltali 159 síðustu þrjú ár á undan. **Mest var haldlagt af maríhúana eða um 140 kg. en aldrei hefur meira magn maríhúana verið haldlagt**, mest var tekið vegna framleiðslu en þó komu einnig upp tvö stór innflutningsmál. Þá var lagt hald á um 12. kg af kókaíni og 13. kg af amfetamíni.

Flest brot gegn sóttvarnalögum og reglum settum skv. þeim voru í aprílmánuði, eða 35 talsins, en flesta mánuði voru brotin á bilinu 20-30 talsins.

Allt árið voru þau um 260, en um 210 í fyrra. Þá fékk lögregla yfir 1000 tilkynningar um hugsanlegt brot gegn sóttkví, einangrun eða samkomutakmörkunum eða um 3 tilkynningar á dag að meðaltali.



LÖGREGLAN